

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 9. febrúar 2006.

Efni: Frumvarp til laga um faggildingu o.fl. (361. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að vera sérstök lög um faggildingu.

Í 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að þjónusta faggildingarsviðs sé gjaldskyld. Samt sem áður er gert ráð fyrir því í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að kostnaður við faggildingar muni aukast nokkuð á næstu árum. Telur Viðskiptaráð heppilegra að notendur þjónustu faggildingarsviðs, en ekki skattgreiðendur, greiði alfarið fyrir kostnað við rekstur sviðsins með þjónustugjöldum. Er því lagt til að gjaldskrá verði þannig úr garði gerð að hún skili sviðinu tekjum sem nema hvorki meira né minna en rekstrakostnaði sviðsins. Minnt er þó á að ekki er síður ástæða til að gæta aðhalds þótt stofnun fái tekjur sínar með þjónustugjöldum í stað greiðslna úr ríkissjóði.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson